



# CCU

## Crohn's og Colitis Ulcerosa samtökin

FRÉTTABRÉF | 3. TBL - 20. ÁRG | SEPT 2024

FUNDARBOÐ 3. OKTÓBER KL: 20.00

### EVA GUNNARSDÓTTIR

Næsti fræðslufundur verður sam-eiginlegur með Stómasamtökunum og fyrirlesari að þessu sinni verður Eva Gunnarsdóttir. Hún greindist með ristilkrabbamein rétt um fertugt, þá búsett í London og mun hún segja okkur frá sinni vegferð í gegnum greiningu og meðferð.



Sem menntaður sálfræðingur og núvitundarkennari fór hún að rannsaka ýmsa áhættuþætti sem tengjast sjúkdómum og einkum áhrifum áfalla á heilsu.

„Að ná aftur heilsu eftir áföll eða veikindi er langhlaup, það gerist ekki á einni nóttu en með þekkingu, þjálfun og þolinmæði er hægt að ná ótrúlega miklum árangri. Það getur krafist hugrekki að hefjast handa og að fara út fyrir þægindarammann en árangurinn sem af því getur hlotist er sannarlega þess virði“ segir Eva.

Fundurinn hefst kl. 20:00 og verður í húsi Krabbameinsfélagsins í Skógarhlíð 8, 1. hæð til hægri. Kaffi verður á könnunni og meðlæti eftir fund. Við verðum einnig “live” í umræðuhópnum en vonumst til að sjá sem flesta í salnum.

FUNDARBOÐ 14. NÓVEMBER KL: 20.00

### ELÍNBERG STEFÁNSDÓTTIR

Seinni fræðslufundur haustsins verður fimmtudagskvöldið 14. nóvember. Fyrirlesari verður Elínberg Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur á göngudeild gigtar og sjálfsofnæmis á Landspítalanum. Fundarefni verður nánar auglýst þegar nær dregur en endilega takið frá kvöldið.



Fundurinn verður í sal Vistor, Hörgatúni 2 Garðabæ og gengið inn frá Bæjarbrautinni.



CCU SAMTÖKIN | PÓSTHÓLF 5388 | 125 REYKJAVÍK | TALHÓLF 871 3288 | CCU@CCU.IS | WWW.CCU.IS

Formaður Edda Svavarsdóttir | Varaformaður Elísabet Sværisdóttir | Gjaldkeri Hulda Björg Þórðardóttir | Ritari Sóley Veturlíadóttir | Meðstjórnandi María Olsen  
Varamenn Hrefna Björk Jóhannsdóttir og Sigurborg Sturludóttir | Vefstjóri Svavar Kjarrval

## NORRÆNT SAMSTARF

Norðurlandafundirnir eru aftur komnir á dagskrá eftir tveggja ára hlé. Síðasti fundur var haldinn í nóvember 2021 í Hafnarfirði, en næsti fundur verður í Stokkhólmi 20. til 22. september. Hulda og Sóley mæta á fundinn.

### AÐALFUNDUR ÖBÍ

verður haldinn 5. og 6. október á hótél Reykjavík Natura. Hulda, Elísabet og Edda sitja fundinn en Edda situr einnig sitt fyrra ár í kjörnefnd.

Gríðarlega gott starf er unnið í málefna-hópum ÖBÍ og alltaf verið að leita að fólki sem hefur áhuga á að taka þátt. Ef þú, kæri félagi, tilheyrir þeim hópi, endilega hafðu samband við stjórn CCU.

### AÐALFUNDUR EFCCA

var haldinn í Brussel þann 8. júní og dagurinn var mjög langur. Byrjað var á lagabreytingum sem var nauðsynlegt að gera vegna breytinga á Belgískum lögum. Salvo formaður var kjörinn áfram og einnig Ciara og Marco en Lucie sagði sig frá áframhaldandi stjórnarstörfum. Ekki var kosið í stjórn í staðinn fyrir hana og eru því fjórir í stjórn fram að næsta aðalfundi.

### REYKJAVÍKURMARABONIÐ

fór fram þann 24. ágúst og það hefur í raun verið alveg ótrúlegt að fylgjast með hlaupinu síðusta áratuginn. Sá fjöldi fólks sem tekur þátt til að styðja við fjölbreytta flóru félagsamtaka eykst ár frá ári og virðist endalaust hægt að gera betur. Stuðningurinn er algerlega ómetanlegur en einnig er vitundarvakningin ótrúlega mikils virði og eykur þekkingu almennings á fjölbreytilegum aðstæðum fólks.

Sex hlauparar í öllum vegalengdum tóku þátt fyrir CCU og söfnuðu samtals 122.000 krónum.

Hjartans þakkir fyrir æðislegan stuðning kæru hlauparar !



#### SPAKMÆLI MÁNAÐARINS

Segið fólki aldrei hvernig vinna skuli verkið. Segið því hvað gera skuli og hugvitssemi þess mun koma á óvart.

Georg S. Patton